

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík

Málsnúmer: USK2020060076

14. september 2020

Umsagnarbeiðni: Kvosin umferðarskipulag - Tillaga

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur vinnur að því að móta framtíðarsýn fyrir umferðarskipulag Kvosarinnar. Óskað er eftir umsögn á meðfylgjandi tillögu. Kortin sem fylgja eru þrjú. Eitt sem sýnir tillögu að umferðarskipulagi - framtíðarsýn, annað sem sýnir tillögu að fyrsta áfanga breytinga sem gætu komið til framkvæmda á þessu ári eða því næsta og það þriðja sem sýnir núverandi stöðu umferðarskipulags Kvosarinnar.

Þess er óskað, að umsögn berist til undirritaðra í síðasta lagi 5. október næstkomandi, svo hægt verði að fara yfir og eftir atvikum taka tillit til athugasemda, áður en áætlunin er lögð fyrir skipulags- og samgönguráð. Gert er ráð fyrir að áætlunin verði innleidd í áföngum.

Forsendur og bakgrunnur

Tillaga að heildstæðri stefnumörkun varðandi umferðarskipulag í Kvosinni hefur verið í undirbúningi um nokkurt skeið með hléum. Markmið breytinganna er að stuðla bættu aðgengi og öryggi gangandi vegfarenda, hreyfihamlaðra og þjónustuaðila ásamt því að auka mannlíf og vöxt miðborgarinnar.

Tillagan er í samræmi við áherslur gildandi aðalskipulags Reykjavíkur en í kaflanum Gatan sem borgarrými, segir:

Unnið verði markvisst að endurhönnun almenningsrýma og göturýma í borginni í þeim tilgangi að efla mannlíf og bæta borgarbrag, sbr. eldri verkefni s.s. Torg í biðstöðu og Sumargötur. Þær götur sem skilgreindar eru sem Aðrar götur á þéttbýlisupprætti má skilgreina sem göngugötur, varanlegar eða árstíðabundnar, sbr. ákvæði hér að neðan. Áhersla verður á gerð göngugatna í miðborginni á næstu árum (sjá einnig Miðborgarstefnu, um torg og götur miðborgar).

Einnig er tillagan liður í því að fylgja eftir áherslum nýsamþykkrar umferðaröryggisáætlunar borgarinnar¹ en það er nú yfirlýst markmið Reykjavíkurborgar að enginn slasist alvarlega eða látast í umferðarslysum innan borgarinnar. Því miður er einna mest samþjöppun slysa á gangandi vegfarendum í borginni í miðborginni og þrátt fyrir að umferðarhraði sé almennt lágur í miðborginni þá eru afleiðingar hluta umferðarslysanna þar sem ekið er á gangandi vegfarenda alvarlegar.

¹ Umferðaröryggisáætlun Reykjavíkur 2019-2023, samþykkt af skipulags- og samgönguráði 10. júní 2020 og af borgarráði 16. júní 2020

https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_borgarstjornarfundur/1_umferdaoryggi.pdf



Tillagan

Tillagan gerir ráð fyrir að til framtíðar þá verði kjarni Kvosarinnar göngugötusvæði en að aðliggjandi götur verði vistgötur. Utan með svæðinu verða hefðbundnar umferðargötur. Á vistgötum og á jaðri göngugötusvæðisins er gert ráð fyrir að verði stæði fyrir hreyfihamlaða og vöruafgreiðslu en að innan göngugötusvæðisins verði vöruafgreiðsla bundin við ákveðinn tíma.

Gert er ráð fyrir að áætlunin verði innleidd í áföngum en stór hluti svæðisins er nú þegar göngugötur eða vistgötur. Til að byrja með er gert ráð fyrir að sá kjarni sem síðar er gert ráð fyrir að verði göngugötur verði gerður að vistgötum. Samhliða því yrði almennum bílastæðum í þeim götum fækkað verulega en stæði fyrir hreyfihamlaða og til vöruafgreiðslu fjölgað.

Stefnumörkunin nær ekki til endanlegrar útfærslu á göturými eða fastra lokana en almennt er ekki gert ráð fyrir að þörf verði fyrir fastar lokanir til afmörkunar á göngugötusvæði heldur verði svæðið merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og frágangi á yfirborði háttað þannig að það skeri sig frá hefðbundnu götuyfirborði.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

gudbjorg.lilja.erlendsdottir@reykjavik.is

Yfirverkfræðingur samgöngumála

Edda Ívarsdóttir

edda.ivalsdottir@reykjavik.is

Borgarhönnuður



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

KVOSIN - UMFERÐARSKIPULAG


STADAN 2020

SKÝRINGAR

-  GÖNGUGATA
-  VISTGATA

PRENTAD: 16-06-2020
HÖFUNDIR: BRI
HEIMILDIR: LUKR








Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

KVOSIN - UMFERÐARSKIPULAG


TILLAGA AÐ BREYTINGU 2020

SKÝRINGAR

-  NÚVERANDI GÖNGUGÖTUR
-  NÚVERANDI VISTGÖTUR
-  TILLAGA AÐ VISTGÖTUM

PRENTAÐ: 24-08-2020
HÖFUNDIR: BRI
HEIMILDIR: LUKR





Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

KVOSIN - UMFERÐARSKIPULAG

FRAMTÍÐARSÝN

SKÝRINGAR

-  GÖNGUGATA
-  VISTGATA

PRENTAD: 08-09-2020
HÖFUNDIR: BRI
HEIMILDIR: LUKR

